

SÉRKJARASAMNINGUR

um kaup og kjör í fiskimjölsverksmiðjum Síldarvinnslunnar hf. í Neskaupsstað og Seyðisfirði, Eskju hf. á Eskifirði, Loðnuvinnslunnar hf. Fáskrúðsfirði, Skeggeyjar ehf. Höfn á Hornafirði, Tanga hf. á Vopnafirði og Gautavíkur ehf. á Djúpavogi milli Alþýðusambands Austurlands fyrir hönd AFLs - Starfsgreinafélags Austurlands og Vökuls Stéttarfélags annars vegar og Samtaka atvinnulífsins hins vegar. Samningur þessi er hluti af aðalkjarasamningi aðila, að meðtöldum sérákvæðum milli ASA og SA, sem gildir í öllum öðrum atriðum en að neðan greinir.

1. gr. Laun

- 1.1. Frá 3. maí 2004 skulu almennir starfsmenn taka laun skv. launaflokki 9 í kjarasamningi SGS og SA. Starfsmenn sem lokið hafa SF-námskeiðum skulu taka laun skv. launaflokki 14. Frá 1. janúar 2006 skulu starfsmenn sem lokið hafa SF-námskeiðum taka laun skv. launaflokki 15.

Almennir starfsmenn	Frá 3.5.2004		2005		2006		2007	
	Mán.l.	Dagv.	Mán.l.	Dagv.	Mán.l.	Dagv.	Mán.l.	Dagv.
Byrjunarlaun	108.170	624,07	111.415	642,79	114.200	658,86	116.770	673,69
Eftir 1 ár í starfsgrein	109.793	633,43	113.086	652,43	115.913	668,74	118.522	683,79
Eftir 3 ár í starfsgrein	111.440	642,94	114.782	662,22	117.652	678,77	120.300	694,05
Eftir 5 ár í starfsgrein	113.112	652,58	116.504	672,15	119.417	688,96	122.105	704,47
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	114.809	662,37	118.252	682,24	121.208	699,29	123.937	715,03

Starfsmenn með SF-námskeið	Frá 3.5.2004		2005		2006		2007	
	Mán.l.	Dagv.	Mán.l.	Dagv.	Mán.l.	Dagv.	Mán.l.	Dagv.
Byrjunarlaun	116.531	672,31	120.027	692,48	124.873	720,44	127.683	736,65
Eftir 1 ár í starfsgrein	118.279	682,39	121.827	702,86	126.746	731,24	129.598	747,70
Eftir 3 ár í starfsgrein	120.053	692,63	123.654	713,40	128.647	742,21	131.542	758,91
Eftir 5 ár í starfsgrein	121.854	703,02	125.509	724,10	130.577	753,34	133.515	770,29
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	123.682	713,56	127.392	734,97	132.536	764,65	135.518	781,85

- 1.2 Starfsaldur miðast við starfsreynslu í fiskimjölsverksmiðjum, en þó skal meta starfsreynslu í viðkomandi fyrirtæki og reynslu af öðrum störfum í sjávarútvegi þannig að hún sé metin til jafns við starfsreynslu í mjöl- og lýsisvinnslu.

1.3 Óprifaálag

Þegar unnið er utan vaktatímabils í kötlum, eldhólfum og lýsistönkum, rykskiljum og inni í þurrkurum skal greiða aukalega kr. 400 fyrir hverja unna stund við framangreind verk, enda sé vinnan framkvæmd í lokuðum rýmum. Óprifaálag skal einnig greitt við þrif á varmaskiptum við þurrkara og við upptekt á pressum, þegar slík vinna fer fram utan vaktatímabils. Aukagreiðsla þessi verður óbreytt í krónutölu út samningstímann.

2. gr. Vaktavinna

- 2.1 Vaktavinna í ofangreindum fiskimjölsverksmiðjum verður samkvæmt eftirgreindu vaktafyrirkomulagi.

Vinnutilhögun á 12 tíma vöktum:

Dagvakt kl. 08:00 - 20:00 eða kl. 07:30 - 19:30

Næturvakt kl. 20:00 - 08:00 eða kl. 19:30 - 07:30

- 2.2 Í vaktavinnu skal greiða meðalvaktaálag, 45%, á vinnu vaktavinnumanna hvort sem unnið er á tvískiptum 12 tíma vöktum, tveir hópar, eða tvískiptum 12 tíma vöktum, þrír hópar. Meðalvaktaálagið felur í sér vaktaálög, skv. gr. 21.2 í samningi SGS og SA, og áðurgildandi frívaktarákvæði.

Samkvæmt framangreindu verður tímaskrift í vaktavinnu sem hér segir:

Dagvakt: 8 klst. á dagvinnukaupi + 45 %
4 klst. á yfirvinnukaupi.

Næturvakt: 8 klst. á dagvinnukaupi + 45 %
4 klst. á yfirvinnukaupi.

- 2.3 Öll vinna vaktavinnumanna umfram 40 klst. á viku skal greidd með yfirvinnukaupi. Miðað er við 8 klst. á vakt, hámark 40 klst. á viku að meðtalinni dagvinnu við önnur störf í sama fyrirtæki. Yfirvinnu skal skipt sem jafnast milli starfsmanna. Trúnaðarmaður á rétt á að fá skýrslu um skiptingu yfirvinnu milli starfsmanna síðustu launatímabil.
- 2.4 Starfsmenn skulu mættir vinnuklæddir á vinnustað við vaktaskipti og er óheimilt að yfirgefa vinnustað fyrr en viðtakandi vaktmaður hefur tekið við vaktinni og þeir hafa skipst á nauðsynlegum upplýsingum um stöðu vinnslunnar. Vegna þessara kvaða greiðist hverjum starfsmanni sem svarar til 30 mín. á yfirvinnukaupi fyrir hverja vakt.
- 2.5 Gerð skal vaktskrá fyrir einn mánuð eða hvert vinnslutímabil í senn og skal hún hanga uppi þar sem starfsmenn eiga greiðan aðgang að henni. Vaktskrá sýnir daglegan vinnutíma þegar unnið er á vöktum. Vaktskrá skal samin í samráði við trúnaðarmann starfsmanna.
- 2.6 Þegar vaktir eru teknar upp virka daga skal miðað við að starfsmenn séu boðaðir með minnst 8 klst. fyrirvara, en minnst 12 klst. fyrirvara um helgar.
- 2.7 Tilkynna skal fyrirsjáanleg vaktaslit (vaktstopp) með a.m.k. 12 klst. fyrirvara. Vaktaslit miðast við að allt hráefni hafi farið í gegnum þurrkara og greiðist þá heil vakt enda gangi starfsmenn þá til þeirra starfa sem þeim eru falin af viðkomandi yfirmanni.
- 2.8 Ef starfsmenn eru fengnir til að vinna aukavaktir, skal vöktunum ekki skipt, heldur greiða þær eins og um heilar vaktir væri að ræða. Þó skal mönnum heimilt að skipta með sér vakt. Allar aukavaktir skulu greiðast með yfirvinnukaupi.
- 2.9 Óski verksmiðjustjóri þess að starfsmaður leysi vaktformann af skal starfsmaðurinn fá staðgengilslaun fyrir afleysingartímann.
- 2.10 Vöktum skal slitið eigi síðar en kl. 20:00 þann 23. desember og hefjist ekki aftur fyrr en kl. 08:00 þann 27. desember. Þá sé vöktum einnig slitið kl. 12:00 þann 31. desember og hefjist ekki aftur fyrr en kl. 08:00 þann 2. janúar, nema brýna nauðsyn beri til. Sé vaktavinna unnin um páskahelgina, frá skírdegi til annars í páskum og 1. maí, skal fyrirtæki verða við ósk starfsmanns um frí á þeim tíma.
- 2.11 Unnt er, með samkomulagi milli starfsmanna og stjórnenda, að setja á 8 klst. vaktir.

2.12 Kaupauki í vaktavinnu

Fyrir hverja staðna tólf stunda vakt eða jafngildi þess í tímafjölda á 12 mánuðum, annað hvort á tímabilinu 1. júní til 31. maí eða 1. janúar til 31. desember ár hvert, fá starfsmenn greiddan kaupauka sem fer hækkandi eftir því sem staðnar eru fleiri vaktir. Greitt er hlutfallslega fyrir 8 klst. vaktir. Kaupaukinn fyrir 12 klst. vaktir er eftirfarandi :

Frá 1. vakt til 45. vaktar	kr. 880 pr. 12 klst. vakt
Frá 46. vakt til 85. vaktar	kr. 1.760 pr. 12 klst. vakt
Frá 86. vakt	kr. 2.200 pr. 12 klst. vakt

Kaupauki þessi verður óbreyttur í krónutölu út samningstímann.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including a large signature and several smaller ones, some with a superscript '2'.

2.13 Tilfærslur milli starfa

Starfsmenn í mjöl- og lýsisvinnslu sem færast tímabundið í störf í viðkomandi fyrirtæki, þar sem unnið er eftir öðru launakerfi, skulu halda óbreyttum launum pr. klst. séu launin lægri, en reynist launin hærrí í hinu tímabundna starfi, að meðtöldum bónus- og álagsgreiðslum, m.v. sama starfsaldur skulu hærrí launin pr. klst. gilda. Ef starfsmenn ganga vaktir í sömu vinnuviku skulu dagvinnustundir við önnur störf í fyrirtækinu, mánudaga til föstudaga, teljast með við útreikning á því hvenær yfirvinna hefst að loknum fullum vinnuskilum, 40 klst., í vaktavinnu.

3. gr. Neysluhlé í vaktavinnu

3.1 Neysluhlé á hverri 12 stunda vakt eru sem hér segir:

Dagvakt: 30 mín neysluhlé á tímabilinu 10:00-12:00, 13:00-15:00 og 16:00 og 18:00.

Næturvakt: 30 mín neysluhlé á tímabilinu 22:00-24:00, 01:00-03:00 og 04:00-06:00.

Heimilt er að haga neysluhléum með öðrum hætti enda náist um það samkomulag milli starfsmanna og stjórnenda á vinnustað. Starfsmenn skiptast á að taka neysluhlé og eru þau sveigjanleg og miðast eftir því sem unnt er við að valda sem minnstri röskun í vinnslunni.

3.2 Starfsmenn skulu fyrir vinnuskyldu í tveimur af þremur neysluhléum fá greiðslu sem svarar til 60 mín. í yfirvinnu á hverri 12 klst. vakt eða 40 mín. á hverri 8 klst. vakt.

4. gr. Frí í stað vinnu

4.1 Með samkomulagi starfsmanna og vinnuveitenda geta starfsmenn safnað allt að 5 frídögum á ári vegna yfirvinnu á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar en yfirvinnuálagið sé greitt. Þeir sem vilja nýta sé þennan rétt skulu í samráði við vinnuveitanda ákveða hvenær frí skal tekið.

5. gr. Um forgangsrétt til vinnu

5.1 Vinnuveitendur skuldbinda sig til þess á láta verkamenn, sem eru fullgildir félagar í viðkomandi verkalyðsfélagi, hafa forgangsrétt til allrar vinnu verkamanna í fiskimjölsverksmiðjunni, sé þess krafist og ef félagsmenn bjóðast.

5.2 Komi til ný tækni við störf í fiskimjölsverksmiðjunum sem krefst sérstakrar þjálfunar skal veita viðkomandi starfsmönnum hana án launaskerðingar.

6. gr. Um vinnuföt

6.1 Öllum verkamönnum sem vinna í fiskimjölsverksmiðjunni skal séð fyrir hlífðarfatnaði í samræmi við störf þeirra þeim að kostnaðarlausu, enda sé hann eign fyrirtækisins.


6.2 Vinnuveitendur gera þá kröfu til starfsmanna að þeir noti öryggisskó þar sem hætta er á slysum í fiskimjölsverksmiðjunni og við aðstæður þar sem þeirra er þörf enda leggur fyrirtækið til eitt par á ári af viðurkenndum öryggisskóm og eru þeir eign fyrirtækisins.

6.3 Útvinnumenn og þróarmenn skulu fá vatnsheldan hlífðarfatnað og/eða kuldagalla og skal hann endurnýjaður eftir þörfum. Verkamenn sem vinna með skaðleg efni, eða við óþrifaleg störf skulu fá gúmmíhanska eftir þörfum.

6.4 Ónothæfum hlífðarfatnaði skal skila fyrir nýjan. Við starfslok skal verkamaður standa skil á öllum vinnufatnaði.

7. gr. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi

7.1 Um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi vísast til 7. kafla aðalkjarasamnings og laga 46/1980 eftir því sem við á.



Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including a large signature on the right and several smaller ones below it.

- 7.2 Vegna þeirrar hættu skapast getur vegna rotnunar hráefnis skulu ferskloftsgrímur og líflínur vera til staðar sem næst hráefnisgeymum eða öðrum áhættusvæðum. Viðkomandi yfirmönnum ber að sjá til þess að starfsmenn kunni að nota umræddan búnað.
- 7.3 Við hreinsun eða aðra vinnu inni í tönkum skulu af öryggisástæðum aldrei vera færri en tveir menn og skal þá a.m.k. einn maður vera utan tanksins.
- 7.4 Í hverri fiskimjölsverksmiðju skulu vera steypiböð til afnota fyrir starfsfólk. Einnig skal hver starfsmaður hafa til afnota skáp til geymslu á fatnaði og persónulegum munum.
- 7.5 Þar sem vinnuskilyrðum er svo háttáð (vegna hita, hávaða eða þvíumlíks), skal starfsmönnum sköpuð viðhlítandi hvíldaraðstaða telji Vinnueftirlit ríkisins það nauðsynlegt.
- 7.6 Þar sem löndun fer fram skal vera til staðar upphitað skýli, sem löndunarmenn hafa greiðan aðgang að.

8. gr. Viðmiðunartímabil vegna hámarksvinnutíma

- 8.1 Viðmiðunartímabil við útreikning á hámarki vikulegs vinnutíma, sbr. samning SA og landssambanda ASÍ um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma dags. 30. 12. 1996, skal vera 12 mánuðir, janúar til desember. Þó er heimilt að miða við tímabilið 1. júní til 31. maí ár hvert í stað almanaksársins.

9. gr. Afgreiðsla sérkjarasamnings

- 9.1 Atkvæðagreiðsla um samninginn skal vera sameiginleg fyrir bæði verkalýðsfélögin meðal þess verkafólks sem starfar í viðkomandi verksmiðjum.

Reykjavík 17. maí 2004

F.h. Alþýðusambands Austurlands

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Jón Angi Rúnarsson
Þorkell Róðinn

Klaumur G. Sigurðsson
Ólafur Þorgeirsson
Jóni Magnússon
Haukur Jónsson
Jóni Magnússon
Geirur Þorsteinsson

Bókun um SF-námskeið í mjöl- og lýsisvinnslu

Þegar starfsmenn hafa unnið í þrjú mánuði eða lengur hjá fiskimjölsverksmiðjunni skulu þeir innan sex mánaða eiga rétt á því að sækja starfsfræðslunámskeið. Markmið námskeiðanna er að auka þekkingu starfsmanna og gera þá hæfari til starfa í fiskimjölsverksmiðjum. Námskeiðin eru haldin á vegum Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar í samvinnu við Sjávarútvegsráðuneytið og þau fyrirtæki sem aðild eiga að samningi þessum og á þeim tímum sem hentar með tilliti til vinnslunnar. Námskeiðin eru nú átta talsins, að jafnaði fjórar klst. hvert, og taka til allra helstu þátta er varða starfið og atvinnugreinina samkvæmt ákvörðun Starfsfræðslunefndar.

Þau eru nú eftirfarandi:


Hráefnið, afurðir og markaðir.
Vinnuaðstaða og líkamsbeiting.
Öryggi í fiskimjölsverksmiðjum.
Hreinlæti og gerlagróður- varnir gegn salmonellu.
Vinnsluaðferðir - fyrri hluti.
Vinnsluaferðir - seinni hluti.
Atvinnulífið, starfsfólkið og launakerfin.
Samstarf og samskipti á vinnustað.

Þá er vísað til bókunar um námskeið starfsfólks í fiskeldi, fiskvinnslu og fiskimjölsverksmiðjum í aðalkjarasamningi aðila frá 7. mars 2004 er varðar námsefnið, Samstarf og samskipti á vinnustað, Atvinnulífið, starfsfólkið og launakerfin og Vinnuaðstaða og líkamsbeiting.


Starfsfræðslunámskeiðin skulu haldin þegar nægur þátttakendafjöldi fæst (a.m.k. 12 þátttakendur), en þó eigi sjaldnar en einu sinnu á ári, enda verði aldrei færri en sex þátttakendur á hverju námskeiði. Að loknum námskeiðum taka starfsmenn laun skv. hærri launaflokki sérkjarasamningsins.

Reykjavík 17. maí 2004

F.h. Alþýðusambands Austurlands



F.h. Samtaka atvinnulífsins



Sérákvæði vegna Loðnuvinnslunnar hf. á Fáskrúðsfirði

Um útskipun á mjöli og lýsi

Starfsmenn LVF skulu utan vakta sitja fyrir um vinnu við flokkun, útskipun á mjöli og lýsi.

Um bræðslu beina

Við bræðslu beina skal greitt vaktakaup.

Um útskipun á mjöli og löndun á hráefni til bræðslu hjá LVF

Við útskipun á mjöli skal greiða starfsmönnum yfirvinnukaup, þó þannig að ekki sé greitt lægra en skv. þriggja ára aldursþrepi, að viðbættu óþrifaálagi. Sama gildir um lestarmenn við löndun á hráefni til bræðslu hjá LVF.


Um vaktaplan og forföll meðan á vöktum stendur.

Þegar vaktir hefjast skal verksmiðjustjóri leggja fram vaktaplan í samráði við trúnaðarmann starfsmanna þar sem fram komi áætlaður fjöldi starfsmanna á hvorri vakt og skal í þeirri mönnun gert ráð fyrir vikulegri frítöku viðkomandi starfsmanna meðan á vöktun stendur.


Leiði forföll af völdum veikinda, slysa og hvers konar frítöku til þess að víkja þurfi frá þeirri grunnmönnum (þ.e.án aukamanna og frítökumanna) sem þarf á hvora vakt að mati verksmiðjustjóra og/eða vaktformanns, verði gerðar ráðstafanir til þess að manna þau störf svo fljótt sem við verður komið. Sama gildir þurfi tímabundið að fækka mönnum á vöktum vegna tilfærslu í önnur störf innan fyrirtækisins og í veikinda- og slysaforföllum meðan á vöktum stendur.

Reykjavík 17. maí 2004

F.h. AFLs - Starfsgreinafélags Austurlands



F.h. Samtaka atvinnulífsins



Bókun

um útskipun á fiskimjöli í verksmiðju Gautavíkur ehf. á Djúpavogi

Starfsmenn fiskimjölsverksmiðju Gautavíkur ehf. sem vinna í lestum skipa við útskipun á mjöli skulu fá greitt yfirvinnukaup, þó þannig að ekki sé greitt lægra en skv. þriggja ára aldursþrepi, að viðbættu óþrifaálagi.

Reykjavík 17. maí 2004

F.h. Vökuls Stéttarfélags



F.h. Samtaka atvinnulífsins

